4. gr. Verði nýjar gerðir vinnuvéla fluttar til landsins, er nauðsynlegt að tryggja að þær uppfylli kröfur um öryggi. Einnig þarf að raða þeim flokk gagnvart skráningu og gjaldtöku.
5. gr. Gert er ráð fyrir að farandvinnuvélar og vinnuvélar sér skráðar áður en þær eru afhentar eiganda. Við skráningu skal gengið úr skugga um að viðkomandi vél sé búin skv. þeim reglum sem um hana gilda. Sama skráningarmerki skal vera á vélinni þar til hún er dæmd ónýt, eins þó um tímabundna afskráningu sé að ræða.
6. gr. Upplýsingar þær sem leggja skal fram færast í spjaldskrá Vinnueftirlits ríkisins sem er grunnur að flokkun vegna gjaldtöku og réttinda til að stjórna viðkomandi vél.
7. gr. Um gjaldskrá eru ákvæði í 49. gr., 3. mgr. laga nr. 46/1980.
Gjald fyrir skráningu og skoðun skal standa undir kostnaði við framkvæmd.
8. gr. Ákvæði um tilkynningu og eigendaskipti eru þau sömu og í 14. gr. umferðarlaga.
Gjald fyrir skoðun verður innheimt hjá skráðum eiganda.
9. gr. Almenna reglan er sú að farandvinnuvélar og vinnuvélar eru skoðaðar árlega nema verulegar breytingar eða viðgerðir hafi átt sér stað. Einnig er í greininni heimild um tímabundna afskráningu og sömuleiðis heimild til að veita undanþágu frá árlegri skoðun.
10. gr. Boðun farandvinnuvéla til skoðunar á ákveðnum stað getur verið nauðsynleg, t.d. vegna álagsprófana krana.
Einnig getur verið hagkvæmt að skoðun Bifreiðaskoðunar Íslands og Vinnueftirlits fari fram á sama stað og á sama tíma, sé um bifreiðar með sérbúnaði að ræða. Beiðni eiganda farandvinnuvéla og vinnuvéla um skoðun er hagkvæmari fyrir báða aðila.
11. gr. Til að tryggja að ákveðnar vandasamar viðgerðir séu fullnægjandi, t.d. suður á burðarhlutum í krönum og annað álíka, er heimilað að gera kröfur um verkþekkingu, tækjabúnað og eftirlit sérfræðinga.
12. gr. Heimild sú sem felst í greininni er skv. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980.
13. gr. Bann við notkun er byggt á 84. og 85. gr. laga nr. 46/1980.
14. gr. Ákvæði til bráðabirgða gilda í eitt ár frá gildistöku reglnanna.
15. gr. Ákvæði greinarinnar eru þau sömu og 98. gr. laga nr. 46/1980.
16. gr. Sömu refsiákvæði og í 99. gr. laga nr. 46/1980.

14. ágúst 1989 Nr. 389

AUGLÝSING

um endurgreiðslu söluskatts af vogum til notkunar í fiskiðnaði og rafeindabúnaði í fiskflokkunarvélar

1. gr.

Endurgreiða skal endanlegum kaupanda eftirtalinna tækja þann söluskatt sem hann hefur greitt við kaup þeirra:

1. Vogir til nota í fiskiðnaði, sem flokkast í tollskrárnúmer 8423.2000, 8423.3000, 8423,8100, 8423.8200 eða 8423.8900, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum.
2. Rafeindatæki, sem flokkast í tnr. 9031.8000, enda séu þau tengd fiskflokkunarvélum til mælinga eða flokkunar fisks.

2. gr.

Kaupandi skal sækja um endurgreiðslu til viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs (sýslumanns eða bæjarfógeta, í Reykjavík tollstjóra) á sérstöku eyðublaði í því formi sem fjármálaráðuneytið ákveður.

Umsókn skal fylgja frumrit og eitt afrit af reikningi vegna kaupa á vörunni, sem tilgreini tollskrárnúmer viðkomandi vöru og beri greinilega með sér að söluskattur hafi verið greiddur við kaup hennar og hver fjárhæð greidds söluskatts af viðkomandi vöru er. Hafi seljandi vöru greitt af henni söluskatt við tollagreiðslu, skal jafnframt tilgreina tollafgreiðslunúmer viðkomandi vörusendingar.

Í umsókn skal m.a. eftirfarandi koma fram:

a. Tollskrárnúmer vörunnar og vörulýsing.
b. Kaupverð vörunnar og fjárhæð greidds söluskatts.
c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu.
d. Yfirlýsing umsækjanda um að varan sé ætluð til eigin nota við framleiðslu fiskafurða.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu verður ekki tekin til greina nema öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. Umsókn skv. 2. gr. berist viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs innan 6 mánaða frá dagsetningu reiknings vegna kaupa viðkomandi vöru.
b. Fjárhæð söluskatts, sem sótt er um endurgreiðslu á, nemi minnst 10.000 krónum. Heimilt er að leggja saman reikninga til þess að lágmarksfjárhæð þessi náist.
c. Allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar og umsókn sé undirrituð af umsækjanda.

4. gr.

Innheimtumaður skal halda eftir kvittuðu frumriti umsóknar um endurgreiðslu, sem gefið skal afgreiðslunúmer í hlaupandi númeraröð miðað við almanaksár, ásamt afriti reiknings. Skjöl þessi skulu send ríkisbókhaldi með mánaðarskilagrein. Fyrsta afrit umsóknar skal senda skattstofu í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili, en annað afrit umsóknar ásamt frumriti reiknings með áritun um endurgreiðslu skal afhenda umsækjanda.

Sá sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar skal tilgreina endurgreiddan söluskatt sérstaklega annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar.

5. gr.

Reglum þessum getur fjármálaráðuneytið breytt án fyrirvara.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi, sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

6. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiddan söluskatt samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar, svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingarinnar, getur m.a varðað við 25. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brota á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 493/1981 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 14. ágúst 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.